

Eftirlit í kjölfar ábendinga - Afísingurvökvi með metanóli

Dagsetning	27. febrúar 2020
Fyrirtæki	AB varahlutir ehf
Heimilisfang	Funahöfða 9, 110 Reykjavík
Kennitala	6910962899
Starfsemi	Verslun
Eftirlitsstaður	Verslun Funahöfða 9
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Gunnlaugur Guðmundsson
Fulltrúi UST	Ísak Sigurjón Bragason, Einar Oddsson
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Gunnlaugur Guðmundsson

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit hjá AB varahlutum ehf. þann 27. febrúar 2020 í kjölfar ábendinga um að þar væru boðnar til sölu efnavörur sem ekki stæðust kröfur efnalaga nr. 61/2013. Við athugun í versluninni fannst varan Rain-X De-Icer Windshield Washer Fluid sem grunur lék á að uppfyllti ekki kröfur reglugerðar nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sem sett er með stoð í efnalögum og innleiðir í íslenskan rétt reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um sama efni með síðari breytingum. Í ljósi þessa gruns stöðvaði Umhverfisstofnun markaðssetningu vörunnar tímabundið frá 28. febrúar 2020 meðan málið var rannsakað. Fyrirtækinu var veittur frestur til 12. mars 2020 til að sýna fram á að varan hafi verið sett á markað fyrir gildistöku banns frá 9. maí 2019 um setningu rúðuhreinsi- og afísingurvökva, sem innihalda 0,6% metanól eða meira, á markað fyrir almenning. Sala birgða, sem fluttar voru inn fyrir gildistöku bannsins, til almennings er heimil.

AB varahlutir ehf. hafa veitt Umhverfisstofnun upplýsingar um að vörunar hafi verið fluttar inn á EES-svæðið eftir gildistöku framangreinds banns og því er bannað að bjóða vörunar fram á markaði fyrir almenning. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að rúðuvökvanum sé bætt á þar til gerð kerfi í bifreiðum af þjónustuaðila enda sé með því komið í veg fyrir þá áhættu fyrir heilbrigði sem skapast af sölu til almennings og reglugerðin vísar til.

MERKING HUGTAKA OG SKAMMSTAFANIR

Merking eftirfarandi hugtaka og skammstafana sem notuð eru í skýrslunni er sem hér segir:

CLP: Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og efnablandna sem innleidd er í reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna¹.

ECHA: Efnastofnun Evrópu (e. European Chemicals Agency)² sem ber ábyrgð á margvíslegum verkefnum á forsendum ýmissa reglugerða, m.a. CLP og REACH.

REACH: Reglugerð (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni sem innleidd er í reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH)³.

Hættuflokkun/flokkun: Flokkun skv. viðeigandi ákvæðum CLP um mat á þeim áhættum sem fylgja notkun tiltekins efnis eða efnablöndu. Nánar er rætt um flokkun aftar í skýrslunni.

Hættumerkingar: Merkingar á þar til gerðum merkimiða vöru sem flokkast sem hættuleg skv. ákvæðum CLP. Um merkimiðann er fjallað í I. kafla III. bálks CLP.

Innflytjandi: Aðili sem flytur vörur frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) inn á EES.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dags. 27. febrúar 2020, þar sem kynnt var eftirlit í kjölfar ábendingar um að vörur sem ekki standast kröfur efnalaga nr. 61/2013 væru boðnar til sölu í verslun fyrirtæksins, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd laganna. Eftirlitið fór fram sama dag og var markmið þess að skoða hvort tilteknar vörur í versluninni uppfylltu kröfur hvað varðar takmörkun á markaðssetningu metanóls í rúðuhreinsi- og afísingarvökum sbr. 69. lið XVII. viðauka við REACH. Einnig var skoðað hvort aðgengi viðskiptavina að vörunni væri í samræmi við ákvæði 24. gr. efnalaga um aðgengi að eiturefnum á útsölustöðum.

TAKMÖRKUN Á MARKAÐSSETNINGU METANÓLS Í RÚÐUHREINSI- OG AFÍSGINGARVÖKVUM

Í XVII. viðauka við REACH er kveðið á um ýmsar takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun tiltekinna hættulegra efna, efnablandna og hluta. Í 69. lið viðaukans er kveðið á um að metanól skuli „*ekki sett á markað fyrir almennig eftir 9. maí 2019, í rúðuhreinsi- eða afísingarvökva, í styrk sem er jafnmikill eða meiri en 0,6% miðað við þyngd*“. Setning á markað í þessu samhengi á við um fyrstu markaðssetningu á EES-svæðinu, þ.e. innflutning ef um efni frá landi utan EES er að ræða. Endursala þeirra efna sem sett voru á markað fyrir þann tíma brýtur ekki í bága við framangreint bann og er því heimil meðan birgðir endast.

Eins og fram kemur í aðfararorðum reglugerðar (ESB) 589/2018⁴, sem bætti framangreindu banni við takmarkanir XVII. viðauka við REACH, er markmið bannsins að koma í veg fyrir þá áhættu fyrir heilbrigði

¹ Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

² Vefur Efnastofnunar Evrópu: <https://echa.europa.eu/>

³ Samsett reglugerð nr. 888/2015 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/REACH/samsett-reglugerd-nr-888-2015.html>

⁴ Íslenskur texti reglugerðar (ESB) 589/2019: <https://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/translated-acts/icelandic/i32018R0589.pdf>

manna sem skapast vegna váhrifa frá metanóli í slíkum vökvum. Í þessu tilliti er meðal annars vísað til metanóleitrunar í kjölfar inntöku á rúðuhreinsivökvum og menguðu alkóhóli af slyzni, þ.m.t. eitranir hjá börnum.

Eins og fram kemur í texta ákvæðisins tekur bannið til markaðssetningar til almennings. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við að rúðuvökva sem inniheldur metanól í meiri styrk en nemur 0,6% sé bætt á þar til gerð kerfi í bifreiðum af þjónustuaðila enda sé með því komið í veg fyrir þá áhættu fyrir heilbrigði sem skapast af sölu til almennings og reglugerðin vísar til.

EITUREFNI

Fjallað er um markaðssetningu eiturefna og notendaleyfisskyldra vara í 24. gr. efnalaga nr. 61/2013. Undir umfang eftirlitsins fellur ákvæði um að eiturefnum skuli komið þannig fyrir á útsölustöðum að þau séu ekki aðgengileg viðskiptavinum heldur skuli þau afhent sérstaklega. Athygli er vakin á að fleiri ákvæði um markaðssetningu eiturefna og notendaleyfisskyldra vara, sem ekki falla undir umfang þessa eftirlits, er að finna í 24. gr. laganna s.s.:

- Einstaklingur skal vera 18 ára eða eldri til að taka við, kaupa og nota eiturefni.
- Kaupandi og viðtakandi skulu veita upplýsingar um til hvers og hvar nota skuli eiturefnið og framvísa skilríkjum til að staðfesta á sér deili.
- Til að taka við og kaupa eiturefni í því skyni að nota það við framkvæmd vinnu skal framvísa eiturefnaleyfi sem veitt hefur verið af Vinnueftirliti ríkisins.

NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS

Eftirtalin vara sem féll undir umfang eftirlitsins var skoðuð:

Rain-X De-Icer Windshield Washer Fluid

Um er að ræða vöru markaðssetta sem afísingar- og hreinsivökva fyrir bílrúður í 3.78 L plastbrúsum með öryggisloki. Vörunni var stillt upp þannig að hún var aðgengileg viðskiptavinum í aðalrými verslunarinnar. Fyrirtækið hefur veitt Umhverfisstofnun upplýsingar um að varan hafi verið sett á markað eftir gildistöku banns við markaðssetningu til almennings sem kveðið er á um í 69. lið XVII. viðauka við REACH.

FRÁVIK⁵

1. *Ekki er heimilt að bjóða vörunar fram á markaði til almennings.* Vörunar voru fluttar inn á EES-svæðið eftir gildistöku takmörkunar sem bannar setningu rúðuhreinsi- og afísingarvökva, sem innihalda 0,6% metanól eða meira, á markað fyrir almenning sbr. 69. lið XVII. viðauka við REACH.
2. *Vörunar voru aðgengilegar viðskiptavinum og ekki afhentar sérstaklega.* Í skilningi efnalaga nr. 61/2013 er eiturefni „efni eða efnablanda sem í litlu magni veldur dauða, bráðum eða langvarandi skaða á heilsu við innöndun, inntöku eða í snertingu við húð og flokkast sem slík í reglugerð“. Reglugerð með yfirliti yfir hvaða efni flokkist sem eiturefni hefur ekki verið sett en í ljósi þess að vörunar sem um ræðir falla í hættuflokkinn bráð eiturhrif 3 skv. CLP og skulu bera hættumerkið GHS06 (höfuðkúpa og krosslagðir leggir) er það mat Umhverfisstofnunar að um sé að ræða eiturefni í skilningi efnalaga. Í ljósi þess heyrva vörunar undir ákvæði 5. mgr.

⁵ Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í lögum eða reglugerðum

24. gr efnalaga þar sem kveðið er á um að eiturefni skuli ekki vera aðgengileg viðskiptavinum heldur skuli þau afhent sérstaklega.

Í ljósi þess að 1. frávík gerir það að verkum að ekki má setja vörurnar í sölu til almennings verður ekki farið fram á sérstakar úrbætur á 2. frávíki, enda verði vörurnar ekki aðgengilegar viðskiptavinum. Eins og fram kom í kaflanum um *Umfang eftirlits* gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við að rúðuvökva sem inniheldur metanól í meiri styrk en nemur 0,6% sé bætt á þar til gerð kerfi í bifreiðum af þjónustuaðila.

ÁBENDINGAR

Varðandi skráningar:

Umhverfisstofnun áréttar að efnalög nr. 61/2013 leggja ýmsar skyldur á aðila sem flytja vörur sem falla undir gildissvið laganna inn á EES-svæðið þrátt fyrir að ekki sé krafist sérstaks leyfis til innflutnings. Þannig þarf að skrá innflutt efni hjá Efnastofnun Evrópu (ECHA) í samræmi við 22. gr. laganna og ákvæði REACH reglugerðarinnar ef innflutningurinn nemur 1 tonni eða meira á ári, öryggisblöð á íslensku eða ensku sem uppfylla ákvæði II. viðauka við sömu reglugerð þurfa að vera til reiðu og hættuflokkun og -merkingar í samræmi við reglugerð þar um eru einnig á ábyrgð innflytjanda. *Athugið að þegar fyrirtæki á Íslandi flytja vörur hingað til lands frá öðrum löndum innan EES eða vörur sem sannanlega hafa verið skráðar af eina fulltrúa (e. only representative) framleiðanda utan EES eru viðkomandi fyrirtæki hér á landi ekki innflytjendur í skilningi REACH reglugerðarinnar.*

Markaðssetning efna sem ekki hafa verið skráð eða eftir atvikum leyfð samkvæmt ákvæðum efnalaga er óheimil. Einnig er vert að geta þess að brot á skráningarskyldu skv. 22. gr. laganna er meðal þeirra brota sem leitt geta til álagningar stjórnvaldssekta skv. 62. gr. sömu laga. Upphæð slíkrar sektar skal „fyrir hvert efni- eða efnablöndu, miða við tvöfalt skráningargjald Efnastofnunar Evrópu (ECHA), samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar, að viðbættu tvöföldu andvirði þess efnis eða efnablöndu samkvæmt vörureikningi“ skv. reglugerð nr. 590/2018 um stjórnvaldssektir fyrir brot á efnalögum⁶.

Varðandi merkingar:

UFI-kóði

Við minnum á UFI-kóðann sem mun verða merkingaratriði skv. CLP frá 1. janúar 2021 (frestur hefur verið framlengdur frá upprunalegri kröfu um 1. janúar 2020), í því skyni að eitrunarmiðstöðvar geti auðveldlega greint tiltekna blöndu í neyðartilvikum:

<https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-og-merking/ufi-kodar-fyrir-efnablondur/>

Útfyllingar birgja/framleiðanda

Bent er á að oft þarf birgir/framleiðandi að velja sjálfur eða fylla inn í það sem á við í ákveðnum varnaðarsetningum, sbr. þar sem punktar (...) og skástrik eru þar til staðar í stöðluðum texta setninganna.

Verkfæri til að auðvelda hættumerkingar

Vakin er athygli á því að á vefsíðu Umhverfisstofnunar má nálgast verkfæri sem útbúið var af stofnuninni til að auðvelda þeim sem vinna við gerð umbúðarmerkinga skv. reglugerð nr. 415/2014

⁶ Reglugerð um stjórnvaldssektir fyrir brot á efnalögum: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/590-2018>

um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna að fletta upp stöðluðum texta hættu- og varnaðarsetninga. Verkfærið má nálgast á eftirfarandi slóð:

<https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/haettumerkingar-efnavara-verkfaeri.html>

Reykjavík, 27. mars 2020



Ísal Sigurjón Bragason